# Lög

**um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum (fjöldi gjalddaga).**

---

1. gr.

Á eftir 2. málsl. 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XVI í lögunum kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Vörsluaðilum er þó heimilt að ráðstafa greiddum iðgjöldum til lánveitenda sjaldnar en á þriggja mánaða fresti enda hafi valin lán umsækjenda færri en fjóra gjalddaga á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 1. júlí 2015.*